

1548. FUNDUR FLUGRÁÐS

Þriðjudaginn 28. apríl 2009 var haldinn fundur í flugráði og var fundur settur kl.14:10.

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Gísli Baldur Garðarsson, Árni Gunnarsson, Jens Bjarnason, Lárus Atlason og Kristján Sveinbjörnsson. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir boðaði forföll.

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack.

Frá samgönguráðuneyti: Ástríður S. Thorsteinsson.

Frá Rannsóknarnefnd flugslysa: Þorkell Ágústson og Bragi Baldursson.

Frá Primera Air: Jón Karl Ólafsson

Ritari fundargerðar: Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

1. Fundargerð 1547. fundar flugráðs

Fundargerð 1547. fundar flugráðs var lögð fyrir og samþykkt.

2. Til umsagnar: Drög að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa

Formaður bauð Þorkel Ágústsson og Bragi Baldursson fulltrúa Rannsóknarnefndar flugslysa velkomna til fundarins.

Þorkell kynnti störf Rannsóknarnefndar flugslysa fyrir flugráði sem og megin afstöðu til draga að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa með þeim fyrirvara þó að ekki væri búið að ganga skriflega frá umsögn nefndarinnar til samgönguráðuneytis. Þá sagði Þorkell það mikilvægt fyrir nefndina að vera í góðu sambandi við flugráð og árleg upplýsingagjöf nefndarinnar til flugráðs æskileg.

Umsögn Icelandair um drög að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa dagsett 22. apríl 2009 var lögð til upplýsinga fyrir fundinn.

Formaður benti á að sjötti kaflinn er mikil búbot og megi það verða að lögum strax.

Flugráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við drögin en væntir þess að ef til sameiningar rannsóknarnefndanna þriggja komi og drögin verði að lögum þá verði sérstaklega gætt að hinu sérhæfða og sértæka hlutverki hvorrar nefndar fyrir sig. Þá fagnar flugráð sjöttu grein draganna sérstaklega.

3. Yfirlit yfir áherslur og störf flugráðs

Bókun um verkefni í fyrirrúmi:

Flugráð samþykkir að eftirfarandi verkefni, sem hafa verið til ítarlegrar umfjöllunar á fundum ráðsins, fái skjóta úrlausn:

1. Að samgöngumiðstöð verði reist við Reykjavíkflugvöll.
2. Að strax verði leitað eftir undanþágum fyrir Ísland frá útblásturstilskipun ESB í flugi samkvæmt fyrri bókun ráðsins þar sem áhersla er lögð á að innanlandsflugið sé m.a. undanskilið.
3. Að fjárhagslegur grundvöllur Flugstoða og Keflavíkflugvallar verði tryggður.
4. Að fjárhagsleg rekstrarskilyrði flugfélaganna verði treyst, áframhaldandi áhersla verði lögð á gerð loftferðarsamninga og ráðstöfunum beitt til að sporna gegn því að flugfélögin flytji starfsemi sína úr landi.
5. Að hugað verði sérstaklega að því að veita fé úr flugmálaáætlun til kynningar og eflingar flugöryggismála í almannaflugi í samræmi við skýrslu um verkefnastofn.
6. Að standa vörð um trausta þjónustu og öryggi í flugi og tryggja að Flugmálastjórn Íslands hafi fjárhagslegt svigrúm til að veita áfram öflugra grunnþjónustu samkvæmt lögum og alþjóðlegum kröfum.

Samkvæmt lögum ber flugráði að skila til samgönguráðherra skýrslu í mars ár hvert um störf flugráðs. Ritari flugráðs hefur tekið saman skýslu um störf þessa flugráðs frá því það var skipað í október 2007. Skýrslan var lögð fyrir fundinn og samþykkt.

4. Rekstrarumhverfi íslenskra flugrekenda

Formaður bauð Jón Karl Ólafsson forstjóra Primera Air velkominn til fundar.

Jón Karl sagði frá stöðu síns fyrirtækis í breyttu alþjóðlegu efnahagsumhverfi dagsins í dag. Hann sagði meðal annars frá því að eigendur Primera Air hafa lagt inn umsókn um flugrekstrarleyfi í Danmörku aðallega vegna skorts á loftferðarsamningum milli Íslands og Tyrklands.

Flugráð lýsti áhyggjum sínum á þeirri stöðu sem upp er komin í rekstrarumhverfi íslenskra flugrekenda og telur brýnt að grípa strax til aðgerða til að treysta fjárhagleg rekstrarskilyrði flugfélaganna auk þess að halda áfram áherslu á gerð loftferðasamninga til að sporna gegn því að flugfélögin flytji starfsemi sína úr landi.

Flugmálastjóri lagði fram yfirlit yfir framleiðsluvirði atvinnuvega byggt á tölum frá Hagstofu Íslands þar sem fram kemur að framleiðsluvirði flugsamgangna á árinu 2007 er hærra en framleiðsluvirði fiskveiða, fiskvinnslu, álframleiðslu og rafmagns-, gas- og hitaveitu.

5. Önnur mál

Úr því hefur verið skorið af samgönguráðuneyti að skipunartími flugráðs er fjögur ár sem ekki má rjúfa nema skipt sé um ráðherra í embætti. Þetta þýðir að ef sami ráðherra situr áfram nú eftir kosningar þá situr ráðið óbreytt í tvö ár til viðbótar.

Flugmálastjóri sagði frá því að þriggja mánaða uppgjör Flugmálastjórnar Íslands lá fyrir um miðjan apríl. Niðurstaða uppgjörins sýnir að stofnunin er rekin innan marka en þjónustutekjur þó heldur lægri en reiknað var með. Niðurskurðurinn hefur haft það í för með sér að mati flugmálastjóra að stofnunin er ekki að sinna sínum verkefnum á erlendri grundu eins og vera ætti auk þess sem bíðtími úrlausna verkefna hefur lengst.

Flugmálastjóri sagði frá því að ákveðið hefur verið með flugmálastjórum hinna Norðurlandanna að vera með umfjöllun um Norðurlöndin í ICAO Journal. ICAO Journal er fréttablað sem gefið er út í 20 þúsund eintökum. Um er að ræða umfjöllun og auglýsingar með norrænni áhersla á árinu 2010.

1548. fundi flugráðs var slitið kl.15:50 .

Næsti fundur flugráðs er áætlaður á morgun 29. apríl 2009 kl. 11:00 með samgönguráðherra í samgönguráðuneytinu.

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari